



Hafnarfjarðarbær
Innk: 1/4 2016

Hafnarfjörður 30. mars 2016

1604024

Brefnaf: 263

Erindi til: Bæjarráðs, bæjarstjórnar og bæjarstjóra Hafnarfjarðar

Erindi um viðræður um nýjan samstarfssamning á milli

Gaflaraleikhússins og Hafnarfjarðarbæjar um leiklistarstarfsemi í Hafnarfirði

Gaflaraleikhúsið þarf að vita hvort að Hafnarfjarðarbær hafi áhuga á viðræðum um endurnýjun samstarfssamnings um atvinnuleikhús í Hafnarfirði. Um næstu áramót rennur út 3 ára samningur sem Hafnarfjarðarbær gerði við Gaflaraleikhúsið árið 2013 um 20 milljón króna framlag á ári til reksturs og verkefna. Þá rennur einnig út 2 ára samningur við Mennta- og Menningarmálaráðuneytið sem tryggði leikhúsini 10 milljónir á ári til verkefna á tímabilinu. Leigusamningur við Skák ehf. um húsnæðið í Víkingastræti 2 rennur síðan út árið 2017.

Fljótlega þarf að fara undirbúa leikárið 2016-17 og sækja þarf til Leiklistaráðs um endurnýjun á samstarfssamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið í september en forsenda hans er að leikhúsið sé með samstarfssamning við Hafnarfjarðarbæ. Auk þessa mun fjöldi ungmenna í 8,9 og 10 bekkjum grunnskólana í bænum, á næstunni velja sér leiklistarnám leikhússins sem valfag næsta veturnar. Það er því ljóst að nauðsynlegt er fyrir okkur að vita hug bæjaryfirvalda um nýjan samstarfssamning.

Við teljum að við höfum staðið nokkuð vel við þau markmið sem var lagt upp með árið 2010 þegar Hafnarfjarðarbær gerði fyrst samstarfssamning við leikhúsið. Við höfum á síðustu 5 árum byggt upp frá grunni leikhús sem rúmar 200 manns. Á sama tíma höfum við einnig byggt upp öflugt leiklistarnám á vetrum fyrir unglingsadeildir grunnskólanna í bænum, sýnt nýtt íslenskt verk árlega á Grunnskólahátíð með nemendum 10 bekkjar og verið með námskeið fyrir yngri börn allt árið. Síðustu ár höfum við haft umsjón með listahópi Vinnuskólans á sumrin og í veturnar var gerður samningur við skólastjorn og nemendafélag Fiensborgarskóla um kennslu og leiksýningar nemenda. Okkur finnst því að þeim markmiðum okkar að gera leikhúsið að góðu samfélagsleikhúsi og hlúa að leiklistarupplifun og kennslu fyrir börn og ungmenni í bænum hafi tekist.

Á síðustu 5 áruum hefur Gaflaraleikhúsið frumsýnt sjö ný íslensk verk í fullri lengd og yfir 40.000 gestir hafa komið í leikhúsið. Á síðustu árum hafa að meðaltali komið 10.000 gestir í leikhúsið árlega. Sýningar leikhússins hafa hlotið 8 tilnefningar til Grímunnar, íslensku sviðslistaverðlaunanna.

Auk eigin sýninga hafa fjöldi leik- og danshópa fengið inni í leikhúsini, þar á meðal Leikfélag Hafnarfjarðar. Leikhúsið hefur verið í fararbroddi þeirra sjálfstæðu leikhópa sem leggja áherslu á leikhús fyrir unga áhorfendur með sýningum á fimm nýjum verkum fyrir börn og ungmenni og er virkur þáttakandi í tengslaneti Assitej (Alþjóðasamtaka leikhúsa fyrir unga áhorfendur). Árið 2013 var sett á laggirnar Ungmennadeild innan leikhússins að undirlagi og undir stjórn Bjarkar Jakobsdóttur leikskálds, leikstjóra og leikara. Á þeirra vegun hafa verið frumsýnd 3 ný íslensk verk sem höfða beint til ungs fólks og í undirbúningi er nýtt verk byggt á vinsælustu unglingsabók síðasta árs. Á tímabilinu tók Gaflaraleikhúsið þátt í Evrópuverkefni með Menningarhúsi Wroclaw borgar í Póllandi sem var styrkt af menningarstjóð EFTA. Það verkefni var um að gera

blindum og sjónskertum kleyft að njóta mynd og sviðslita með sjónlýsingu. Tvö verkefni frá Póllandi voru sýnd í leikhúsinu og farið var til Wroclaw með leiksýninguna Unglinginn.

Nú í ár frumsýndum við skoska verðlaunaleikritið Hvít, í leikstjórn Gunnars Helgasonar rithöfundar, leikstjóra og leikara, sem er sýnt í Hafnarborg, í fundarsal bæjarstjórnar. Verkið hefur fengið frábærar viðtökur áhorfenda og gagnrýnenda og í apríl er okkur boðið að sýna verkið í Þjóðleikhúsinu á Alþjóðaleiklistarhátið Assitej á Íslandi.

Þann 10 apríl næstkomandi mun Gaflaraleikhúsið síðan frumsýna nýtt íslenskt leikrit eftir Karl Ágúst Úlfsson sem heitir Góði dátinn Svejk og Hasek vinur hans sem er gráthlægilegur gamanharmleikur um góða dátann Svejk og skapara hans Jaroslav Hasek. Verkinu er leikstýrt af Ágústu Skúladóttur, sem var tilnefnd sem leikstjóri ársins í Grímunni í fyrra. Í verkinu leika auk Karls Ágústs, Hannes Óli Ágústsson, Þórunn Lárusdóttir og Eyyindur Karlsson.

Þegar er hafin undirbúningur fyrir haustverkefni leikhússins. Annað er ungmennaverk byggt á hinni vinsælu unglingsabók „Leitin að tilgangi unglingsins“ og hitt er nýtt gamanleikrit eftir þær Björk Jakobsdóttur og Eddu Björgvinsdóttur.

Frá árinu 2006 hefur fjárstuðningur Hafnarfjarðarbæjar til starfsemi atvinnuleikhúss í Hafnarfirði verið um 20 milljónir á ári. Árið 2009 var Hafnarfjarðarleikhúsið með 11 milljón króna styrk frá Hafnarfjarðarbæ auk þess sem bærinn greiddi húsaleigu og annan rekstrarkostnað leikhússins eða samtals um 26 milljónir. Þessi upphæð lækkaði í 21 milljónir þegar 3 ára samningur var gerður við Gaflaraleikhúsið árið 2010 upp á 5 milljón króna rekstrarstyrk á ári en bærinn hélt áfram að greiða húsaleigu, rafmagn og hita sem var um 16 milljónir árið 2011. Árið 2013 var gerður nýr samningur þar sem Hafnarfjarðarbær styrkti Gaflaraleikhúsið um 20 miljónir á ári til 3 ára samfara því að leikhúsið tók alfarið yfir greiðslu á leigu og kostnaði við rekstur húsnæðisins. Á síðustu 10 árum hefur því framlag Hafnarfjarðarbæjar til atvinnuleikhústarfsemi í bænum lækkað verulega að raunvirði.

Með hagstæðum leigusamningi við eigendur Víkingastrætis 2 árið 2013 tókst Gaflaraleikhúsinu að lækka leigu hússins um meira enn þriðjung og greiðir nú rúmar 10 milljónir í leigu á ári. Ekki er vitað á þessu stigi hvernig samningar munu ganga um endurnýjun á leigusamningi þegar hann rennur út árið 2017, en nýr eigandi á nú húseignina við Víkingastræti. Ljóst er þó að meiri líkur en minni eru á því að leiga verði töluvert hærri en hún er nú ef miðað er við markaðsverði í bænum. Eins er samstarfssamningur við Mennta- og menningarráðuneytið ekki í hendi þótt að meiri líkur sé að hann fáist ef Hafnarfjarðarbær gerir áframhaldandi samning við leikhúsið.

Gaflaraleikhúsið hefur fundið fyrir miklum velvilja og meðbyr frá bæjaryfirvöldum og almennum bæjarbúum á síðustu fimm árum. Okkur finnst við hafa náð þeim markmiðum okkar að gera leikhúsið að góðu samfélagsleikhúsi fyrir alla og hlúa að leiklistarupplifun og kennslu fyrir börn og unglunga. Auðvitað er leikhúsið ennþá rekið með lágmarksfjölda starfsmanna og laga þarf ýmislegt í húsnæðinu og auka við tækjabúnað en það er þá markmið til að bæta á næstu árum. Okkar aðalmarkmið er og verður þó að gera skemmtilegt og skapandi leikhús fyrir hafnfirðinga og nærsveitamenn og því starfi höfum við áhuga á að halda áfram.

Fyrir hönd Gaflarana

Lárus Vilhjálmsson